



Reykjavík, 8. ágúst 2024

USK24050185

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa Samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. maí 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins leggur til að bílastæðum verði fjölgað við Dalslaug í Úlfarsárdal og ípróttasvæðið þar í kring. Við laugina eru allt of fá stæði sem skapar öngþveiti

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Örfá bílastæði eru við Dalslaug og kvarta íbúar mikið yfir því. Sundlaugaverðir segjast fá kvartanir á hverjum degi vegna þessa bílastæðaskorts. Nokkur fjöldi bílastæða er við ípróttamiðstöð Fram í Úlfarsárdal. Þau eru hins vegar mjög oft þéttsetin bæði af sundlaugargestum og ípróttaiðkendum. Þegar haldin eru fótboltamót eða einstaka fótboltaleikir spilaðir verður algjört öngþveiti á svæðinu. Bílum er lagt upp á umferðareyjar á grasbala og inn í næstu íbúðargötur. Þessi staða veldur íbúum miklu ónæði. Það er greinilega ekki gert ráð fyrir að íbúar úr öðrum hverfum borgarinnar sækji sér þjónustu við ípróttamiðstöðina eða njóti sundlaugarinnar í Úlfarsárdal. Úr þessu þarf að bæta hið snarasta. Foreldrar sem koma með börn sín, stundum mörg og tilheyrandi sundfarangur í laugina þurfa ídulega að ganga langa vegalengd frá bíl að laug vegna þess að þau fáu stæði sem eru í boði eru fullsetin.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 29. maí 2024.

Umsögn:

Við Dalskóla og Dalslaug eru bílastæði bæði austast á svæðinu og vestast. Við uppbyggingu svæðisins var gert ráð fyrir samnýtingu bílastæða skóla, bókasafns, sundlaugar og ípróttahallar, og var fjöldi þeirra ákveðinn með það í huga. Ef tilefni þykir getur lóðarhafi framkvæmt samgöngumat í samstarfi við fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs. Jafnframt þarf að fara í breytingu á deiliskipulagi þar sem fjöldi bílastæða kemur fram í samþykktu deiliskipulagi.



Reykjavík



Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík